

## LÖG

**um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, raforkulögum, nr. 65/2003, og lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (eigendaábyrgðir, eignarhald flutningsfyrirtækisins og frestun fyrirtækjaaðskilnaðar).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.**

##### 1. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Landsvirkjun er heimilt að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga til þarfa fyrirtækisins og gangast í ábyrgð fyrir greiðslum í sama skyni. Nýjar fjárhagslegar skuldbindingar, sem njóta skulu ábyrgðar eigenda skv. 2. mgr. 1. gr., eru háðar samþykki ráðherra.

##### 2. gr.

Í stað orðsins „lánaskuldbindingum“ í 1. málsl. og sama orðs í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum kemur: fjárhagslegum skuldbindingum; og: fjárhagslegu skuldbindingum.

### II. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.**

##### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „lánaskuldbindingum“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: fjárhagslegum skuldbindingum.
- b. Í stað orðsins „lánsfjárförf“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: fjárförf.
- c. Lokamálsliður 2. mgr. orðast svo: Aðrar nýjar fjárhagslegar skuldbindingar, sem njóta skulu ábyrgðar eigenda, eru háðar samþykki þeirra.
- d. Í stað orðsins „lánaskuldbindingum“ í 3. mgr. kemur: fjárhagslegu skuldbindingum.

##### 4. gr.

Í stað orðsins „lánaskuldbindingum“ í 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. og sama orðs í 1. málsl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögnum kemur: fjárhagslegu skuldbindingum; og: fjárhagslegum skuldbindingum.

## III. KAFLI

**Breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.**

5. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Flutningsfyrirtækið skal vera í meiri-hlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XVI í lögunum orðast svo:

Ákvæði 2.–4. másl. 1. mgr. 14. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2014.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.**

7. gr.

2. másl. 18. gr. laganna orðast svo: Ákvæði 6., 7., 10. og 11. gr. ná til setningar tekju-marka frá og með árinu 2011.

8. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum orðast svo:

Við gildistöku laga þessara skal ráðherra orkumála skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar ráðuneytis orkumála, ráðuneytis fjármála, sveitarfélaga, Landsnets, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að kanna möguleika á breyttu eignarhaldi á flutningsfyrirtækinu, í gegnum beint eignarhald ríkis og/eða sveitarfélaga, og gera tillögu um kaup ríkis og/eða sveitarfélaga á hlut orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu.

Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 31. desember 2012.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 2011.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Katrín Júlíusdóttir.*